

Saman sköpum við meiri fjölbreytni

Val og valgreinar á unglingsastigi í grunnskólum í Austur Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra

Skólaárið 2019-2020



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs skólaárið 2019-2020

Verkefnastjóri: Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri A-Hún.

Númer samnings: UMS-119 2019-2020

Nafn skóla: Höfðaskóli Skagaströnd, Blönduskóli Blönduósi, Húnavallaskóli Húnavatnshreppi, Grunnskóli Húnaþings vestra Hvammstanga.

Nafn verkefnisins: Val og valgreinar á unglingastigi, saman sköpum við meiri fjölbreytni

Verkefnisstjóri: Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri A-Hún.

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-119 2019-2020

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn: Markmiðið með verkefninu var að gefa nemendum í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla í Austur Húnavatnssýslu og í Húnaþingi vestra kost á fjölbreyttara vali en verið hafði. Tilgangurinn var að hægt væri að laga námið betur að þörfum nemenda og að þeir hefðu meira val um áhugasvið og gætu haft áhrif á eigin áherslur í námi og lagað það að áhugasviði sínu. Með auknu samstarfi og meira vali var talið að það gæti haft móttandi áhrif fyrir framtíðaráform nemenda. Þá var markmiðið að nemendur gætu aukið þekkingu sína á þeim sviðum sem þeir kysu sem gæti stuðlað að meiri lífsfyllingu. Með aukinni samvinnu var einnig markmiðið að auka gæði valgreina með samnýtingu sérhæfðra kennara.

Á skólaárinu 2019-2020 var lögð áhersla á að nemendur í 8., 9., og 10. bekk í Austur Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra yrðu í sameiginlegum valgreinum og að skipst yrði á að heimsækja skólanna í vallotum. Markmiðið með því var einnig að auka samvinnu nemenda milli sveitarfélaga og auka þannig samstöðu.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Allir tengiliðir (skólastjórar ásamt fræðslustjóra Austur Húnavatnssýslu og sviðstjóra í Húnaþingi vestra) hittust á þremur formlegum skipulagsfundum ásamt óformlegum skipulagsfundum í gegnum samskiptaforrit fyrir valgreinahelgina.

Fyrirkomulag valgreinahelga var kynnt fyrir starfsmönnum skóla, nemendum og foreldrum. Fengin var ráðgjöf frá kennara sem hafði unnið að samskonar verkefni.

Ákveðið var að fyrsta valgreinahelgin yrði haldin á hlutlausum stað í húsnæði Reykjaskóla í Hrútafirði. Ástæðan var að það væri tilbreyting að fara á nýjan stað og hvatning að allir myndu gista saman fyrstu helgina. Mikil áhersla var lögð á að nemendur fengju jákvæða upplifun af fyrstu valgreinahelginni.

Helgin var haldin 27. og 28. september 2019. Dagskráin var eftirfarandi:

Föstudagur 27. september

15:00 - Nemendur mæta í Reykjaskóla - dót sett á herbergi

15:20 - Kennsla hefst í valgreinum

17:00 - Hressing sem starfsmenn koma með á stöðvar

19:00 - Kvöldverður

20:00 – Fræðsluerindi-hinseginfræðsla

21:00 - Frjáls tími til 23:00

22:00 - Kvöldhressing

23:00 - Allir á herbergi - háttatími

Laugardagur 28. september

8:00 - Morgunmatur

9:00 - Kennsla hefst í valgreinum

11:00 - Hressing sem starfsmenn koma með á stöðvar

13:00 - Hádegismatur og gengið frá og þrifið í herbergjum

14:00 - Allir koma saman og svara rafrænni könnum um valgreinadaga og koma með hugmyndir fyrir næstu valgreinadaga

Valgreinar voru eftirfarandi:

- Framreiðsla og þjónusta.
- Zumba - jóga og útileikir.
- Vatnslitamálun og þekjulitir.
- Eldað úti - bakað brauð og köku á eldi.
- Nýsköpurnar og legósmiðja.
- Spilasmiðja.
- Listasmiðja - lifandi listaverk.
- Blak, bandý og, teygjur og sund.
- Dungeons and dragons.

Síðari valgreinahelgin sem átti að vera 13. og 14. mars var frestað fram á haust 2020 vegna COVID 19. Sú helgi er fyrirhuguð 16. og 17. október 2020 í Blönduskóla.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Síðari valgreinahelgin sem átti að vera 13. og 14. mars var frestað vegna COVID19 og verður haldin í 16.-17. október. Skipulag í kringum hana er að mestu lokið.

Höfðaskóli komst ekki með á fyrri valgreinahelgi en var með í skipulagi á síðari helgi og gert er ráð fyrir að allir skólarnir taki framvegis þátt í þessu sameignlega verkefni sem er að mati stjórnenda skólanna komið til að vera.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Skipulagning við verkefni sem unnið er af 4 sveitarfélögum, er fjarlægðin á milli þeirra hindrun en hins vegar nýttist tæknin til undirbúnings á milli funda.

Helsti áviningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Ánægðir nemendur, fjölbreyttara val, samvinna og aukin tengsl unginga í Austur Húnavatnssýslu og í Húnaþingi vestra. Aukin tengsl milli kennara. Þó að kostnaður við að ferðast með nemendur og kennara á milli staða sé nokkur er einnig hagræðing í að samnýta kennara, aðstöðu og starfsfólk.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: - Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild? Lögð var fyrir nemendakönnun í framhaldi af valgreinahelgi þar sem var leitast við að fá upplýsingar varðandi upplifun nemenda af helginni og fá hugmyndir frá þeim varðandi næstu valgreinahelgi. Alls tóku 79 nemendur þátt í könnuninni sem var sá fjöldi sem tók þátt. Um 86% nemenda voru ánægðir með þær valgreinar sem þeir fóru í og flestar athugasemdir nemenda voru að valgreinar hefðu mátt vera á virkum degi en ekki um helgi en að þær hefðu mátt vera lengur (í fleiri

daga). Á fundi stjórnenda eftir valgreinahelgi voru allir sammála um að helgin hefði heilt yfir gengið vel. Þá var tekin ákvörðun um að halda samskonar valgreinahelgar á skólaárinu 2020-2021.

Niðurstöður verkefnisins: T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins. - Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins. - Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það? - Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Markmiðin náðust að miklu leyti hvað varðar fyrri helgina en eins og áður hefur komið fram þurfti að fresta síðari helginni. Í nemendakönnun kom fram að tæplega 84% nemenda komust í þá smiðju sem þeim langaði mest í og að 86% nemenda voru ánægðir með smiðjuna heilt yfir. Meiri fjölbreytni var í vali unglings á skólaárinu 2019-2020 en áður hefur verið og nýttist sérhæfing kennara í hverjum skóla vel.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Frétt um fyrri valgreinahelgi var kynnt á heimsíðum grunnskólanna.

Rekstrarreikningur (Vinsamlegast skilið rekstrarreikningi og undirskrift á sér blaði)

Meðfylgjandi er rekstrarreikningur



Þorunn Ólafsdóttir 02.06.2020
Undirskrift verkefnisstjóra og dagsetning